

# Endurskoðunarnefndir

## Reynsla af nefndarsetu

Anna Skúladóttir endurskoðunarnefndarmaður

# Yfirlit

- Skipan og hlutverk
- Framkvæmd
- Reynsla
- Árangur
- Framtíðarsýn

# Skipan

- Við einingu tengda almannahagsmunum skal starfa endurskoðunarnefnd
- Æskilegt er að endurskoðunarnefnd sé skipuð ef umfang félagsins er slíkt að telja megi mikilvægt að eftirlit og skýrslur um fjárhag fái nánari umfjöllun og greiningu í smærri hópi en stjórninni allri
- Stjórn skipar nefndarmenn – ákveður formann

# Nefndarmenn

- Nefndin skal skipuð þremur nefndarmönnum hið minnsta
- Þeir skulu vera óháðir endurskoðendum og skal meirihluti nefndarmanna vera óháður félaginu. Framkvæmdastjóri viðkomandi einingar skal ekki eiga sæti í nefndinni
- Þeir skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar
- Að minnsta kosti einn nefndarmanna skal hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar

# Hlutverk

- Hlutverk og helstu verkefni endurskoðunarnefndar skulu tilgreind í starfsreglum hennar en hún skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:
  - Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
  - Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
  - Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
  - Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
  - Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

# Hlutverk

- Endurskoðunarnefnd ber að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum. Nefndin skal staðreyna að upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og **framtiðarhorfur** félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma, Nefndin skal einnig leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðenda þess.

# Framkvæmd

- Stjórn setur endurskoðunarnefnd starfsreglur:
  - í samræmi við ákvæði laga og Stjórnarhætti fyrirtækja – leiðbeiningar.
  - Ákvæði um skýrslugjöf til stjórnar og sjálfsmat um árangur
  - Önnur tilfallandi verkefni
- Endurskoðunarnefnd gerir starfsáætlun um framkvæmd verkefna á árinu

# Reynsla

- Ég á sæti í 6 endurskoðunarnefndum, þar af formaður í tveimur
- Fyrirtækin eru mjög misstór að umfangi og flækjustigi
- Ég hef starfað í endurskoðunarnefndum frá árinu 2009
- Það hefur orðið mikil þróun á þessum tíma í vinnu nefndanna.



# Reynsla-nefndarmenn

- Mikilvægt er að eftirfarandi þættir séu til staðar:
  - Óhæði
  - Þekking á reikningshaldi eða endurskoðun
  - Góð tengsl við stjórn
  - Mikilvægt að amk einn nefndarmaður sé jafnframt stjórnarmaður
  - Þekking á lögum, reglum og rekstrarumhverfi fyrirtækisins

# Reynsla - framkvæmd

- Mikivægt að allir (stjórn, stjórnendur, nefndarmenn, endurskoðendur) tali sama málið – hafi sama skilning á lykilhugtökum
- Mikilvægt að allir þessir aðilar fundi reglulega
- Nefndin þarf að fá allar skýrslur sem unnar eru hjá fyrirtækinu og varða fjármál, áhættustýringu, innra eftirlit og reikningshald

# Reynsla - framkvæmd

- Greina og skilja áhættuþætti fyrirtækisins í heild
  - Skilja áhættur og áhrifin á gerð reikningsskila
  - Fara yfir framkvæmdaáætlun innri endurskoðunar og setja í samhengi við skilgreinda áhættuþætti
- Fara yfir stjórnun áhættu og eftirlitsaðgerðir
  - Eftirlitsaðgerðir þurfa að taka mið af greiningu og mati á áhættuþáttum fyrirtækisins og áhættustefnu
  - Markmið og mælingar úr áhættustefnu
- Skýrslugjöf
- Stöðugar úrbætur

# Reynsla - starfsáætlun

- Stjórnendur:
  - Fundaáætlun ársins
  - Stjórnendur gera grein fyrir stöðu fyrirtækisins og áætlunum næstu ára. Getur verið gott að taka svona fund með stjórn.
  - Farið yfir áhættustýringu og innra eftirlit með stjórnendum
  - Viðbrögð stjórnenda við ábendingum endurskoðenda
  - Farið yfir með stjórnendum og eftir atvikum ytri endurskoðendum undirbúning að gerð ársreiknings og árshlutauppgjöra
    - Sérstaklega farið yfir þætti sem skapa mikla áhættu um niðurstöðu reikningsskilanna s.s. eignamat og niðurfærslur.
- Endurskoðendur:
  - Áætlun innri endurskoðenda. Gott að fara yfir áætlun næstu ára
  - Skýrsla innri endurskoðenda.
  - Ársreikningur og árshlutauppgjör með ytri endurskoðendum
  - Áætlun ytri endurskoðenda og endurskoðunarskýrsla
  - Fundur með endurskoðendum án stjórnenda
- Lagt mat á óhæði ytri endurskoðenda
- Skýrsla um störf nefndarinnar
- Starfsreglur yfirfarnar

# Árangur

- Styðja við góða stjórnarhætti fyrirtækja
- Styðja við það sem vel er gert og koma með ábendingar um það sem betur má fara
- Efla faglega umræðu innan stjórna og stjórnenda um áhættustýringu, innra eftirlit og innri endurskoðun
- Tryggja faglega yfirferð á reikningssskilum fyrirtækja
- Fer yfir með stjórnendum og endurskoðendum verklag og framkvæmd áhættustýringar, innra eftirlits og innri endurskoðun. Stjórnin nær þannig í gegnum nefndina að skoða betur þessa mikilvægu þætti.

# Framtíðarsýn

- Endurskoðunarnefndir stuðli að betri árangri í rekstri fyrirtækja
  - Þær eru mikilvægur hlekkur í stjórnskipulagi fyrirtækja
  - Þær treysta og bæta áhættustýringu, eftirlitskerfi og góða stjórnarhætti fyrirtækja.
- Endurskoðunarnefndir nái að skapa traust og trúverðugleika í kringum störf sín
  - Gott samstarf og upplýsingaflæði milli stjórna og stjórnenda og endurskoðunarnefnda
  - Áhersla á fagleg vinnubrögð
- Félög sem ekki hafa þegar sett á stofn endurskoðunarnefnd sjái hag í því að meta árlega hvort þörf sé á að slíkri nefnd sé komið á fót

Takk fyrir